

Brottnám eða hlutabrottnám nýra

Nýra eða hluti þess er fjarlægt í skurðaðgerð. Rétt er að gera ráð fyrir að vera frá vinnu í fjórar til sex vikur eftir aðgerð.

Blóðþynningarlyf

Hætta þarf að taka blóðþynningalyf, önnur en hjartamagnýl (magnýl), og er það gert í samráði við lækna þvafæraskurðeildar.

Næring


Gott er að byggja líkamann upp fyrir aðgerðina með því að borða næringarríkan mat, taka inn vítamín og drekka orkuríka næringardrykki.

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu í aðgerð og haft áhrif á verkun lyfja sem notuð eru við svæfingu. Óhætt er að taka áfram inn vítamín og steinefni.

Tóbaksnotkun

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun 6-8 vikum fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta fengið aðstoð hjúkrunarfræðings og eftirfylgni í 12 mánuði eftir aðgerð hjá „Ráðgjöf í reykbíndi“. Starfsmaður spítalans hefur þá samband við ráðgjafarþjónustuna en eins má hringja í gjaldfrjálsa símanúmerið 800 6030. Einnig er bent á www.reyklaus.is.



Aðstæður heima

Ef aðstæður heima fyrir eru þannig að þörf er á aðstoð eftir útskrift, er gott að huga að því fyrir eða strax við innlögn. Hjúkrunarfræðingar deildarinnar geta aðstoðað við að fá dvöl á sjúkrahótel, heimilishjálpi og/eða heimahjúkrun. Einnig er hægt að leita til félagsráðgjafa um það sem snýr að félagslegum réttindum og þjónustu.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Undirbúningsviðtal á göngudeild þvafæra 11A

Boðað er til undirbúningsviðtals nokkru fyrir áætlaðan aðgerðardag. Hjúkrunarfræðingar veitir fræðslu um aðgerðina og það sem framundan er. Sjúkraþjálfari kennir æfingar fyrir aðgerðina en öndunar- og fótæfingar eru mikilvægar þáttur í bataferlinu. Mælst er til þess að aðstandandi komi með í viðtalið.

Innskrift á innskriftarmiðstöð 10E

Þegar aðgerðardagur nálgast er sjúklingur boðaður í innskrift á innskriftarmiðstöð 10E í kjallara Landspítala við Hringbraut. Hafa þarf með þvagsýni (morgunþvag) í sýnaglassi sem fæst í apótekum. Einnig þarf að hafa með öll lyf og fæðubótarefni sem tekin eru daglega eða lyfjakort. Á innskriftarmiðstöð fer fram viðtal við hjúkrunarfræðing, lækni þvafæraskurðeildar og svæfingalækni. Spurt verður um heilsufar, gerð lækni skoðun og fræðsla veitt um undirbúning fyrir aðgerðina. Gera þarf ráð fyrir að innskriftin taki 2-3 klukkustundir. Undirrita þarf samþykki fyrir aðgerð og svæfingu.

Rannsóknir

Tekin eru blóðsýni, þvagsýni, lungnamynd og hjartalínurit ef þörf er á.

Lyf og ofnæmi

Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum eða öðru. Svæfingalæknir ákveður hvaða lyf eigi að taka að morgni aðgerðardags.

Kostnaður

Fyrir þjónustuna á göngudeild þvafæra og innskriftarmiðstöð þarf að greiða. Þeir sem gefa nýra eru undanþegnir greiðslu.

Kvöldið fyrir aðgerð

Blóðþynningarlyf

Blóðþynningarlyf er gefið með sprautu undir húð kvöldið fyrir aðgerð til að minnka hættu á blóðtappamyndun. Margir kjósa að gefa sér sprautuna sjálfir og fá þá leiðbeiningar um það í undirbúningsviðtali á 11A.

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefnis kvöldið fyrir aðgerð.
- EKKI MÁ BORÐA MAT síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- EKKI MÁ nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir aðgerð.

Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér snyrtivörur, tannbursta, inniskó, þægileg fót eða slopp og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausu hringingu.

Aðgerðardagur

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Þrifa þarf naflann með bómullarpinna og karlmenn þurfa að þvo sér vandlega án sápu undir forhúð. Klæðast þarf hreinum fötum eftir sturtuna og ekki má nota húðkrem, andlitsfarða, naglalakk, ilmefni eða skartgrip.

Mæta á dagdeild 13D á 3. hæð Landspítala við Hringbraut, að morgni aðgerðardags og hafa með öll lyf sem tekin eru daglega. Ekki má taka inn eigin lyf nema í samráði við lækni eða hjúkrunarfræðing.

Aðgerðin er gerð í svæfingu og tekur 2–4 klukkustundir og hefur þvagfæraskurðlæknir samband við aðstandanda að henni lokinni. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Eftir aðgerð tekur við dvöl á vöknunardeild þar sem fylgst er náið með líðan sjúklings í nokkra klukkustundir þar til hann fer á legudeild. Heimsóknir eru ekki leyfðar á vöknunardeild, en nánustu aðstandendum er velkommið að hringja.

Verkir

Verkjalyf eru gefin á föstum tímum og eftir þörfum. Sjúklingur metur styrk verkja samkvæmt verkjavarða þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 gríðarlegir verkir eða verstu hugsanlegu verkir. Mikilvægt er að láta vita um verki svo hægt sé að bregðast við þeim. Markmið er að vera vel verkjastilltur, geta hreyft sig með góðu móti og andað djúpt.

0	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Engir verkir		Vægir verkir		Miðlungs verkir		Miklir verkir		Gríðarlegir verkir		

Öndun

Öndunaræfingar eru mikilvægar fyrir starfsemi hjarta og lungna og draga úr líkum á fylgikvillum eins og slímsöfnun í lungu og lungnabólgu.

Þvagleggur

Þvagleggur er settur í þvagblöðru til að fylgjast með þvagútskilnaði fyrst eftir aðgerð. Borið getur á þvagtrengdu þegar þvagleggur hefur verið fjarlægður og þá er mikilvægt að láta vita ef illa gengur að pissa eða lítið kemur af þvagi.

Skurðsár

Skurðsár er á hægri eða vinstri síðu og er lokað með málmheftum.

Drenslanga

Stundum er sett drenslanga sem liggur frá skurðsvæði gegnum kviðvegg til að hleypa út blóði og vökva sem safnast í sárabeð og er hún þá höfð í nokkra daga.

Matur og drykkur

Gefinn er vökvi í æð fyrst eftir aðgerð. Yfirleitt má dreypa á vökva að kvöldi aðgerðardags og fæða er síðan aukin smátt og smátt eftir þoli.

Hreyfing

Hreyfing er mikilvæg eftir aðgerð til að flýta fyrir bata og bæta starfsemi hjarta og lungna. Hún dregur úr líkum á fylgikvillum eins og blóðtappa eða lungnabólgu. Hreyfing eykur einnig maga- og þarmahreyfingar sem minnkar hættu á hægðatregðu. Best er að vera sem mest á fótum, ganga eða sitja í stól að minnsta kosti 4–6 sinnum á sólarhring.

Svefn

Ekki er óeðlilegt að svefnmynstur breytist, sérstaklega fyrstu dagana eftir aðgerð. Mikilvægt er að láta vita ef illa gengur að sofa.

Andleg líðan

Búast má við breytingum á andlegri líðan í tengslum við veikindi. Starfsfólk er reiðubúið að ræða við sjúkling og fjölskyldu um líðan þeirra. Einnig er hægt að kalla til aðra fagaðila til stuðnings.

Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:

- útskriftarfræðslu.
- rafrænan lyfseðil fyrir verkjalyfjum.
- endurkomutíma á göngudeild 11A til að fjarlægja hefti
- endurkomutíma hjá sérfræðingi á göngudeild 11A. Fara þarf í blóðsýnatöku á göngudeild 10E í kjallara Landspítala við Hringbraut 2-3 dögum fyrir endurkomutímann.

Útskrift

Útskrift er áætluð 2-4 dögum eftir aðgerð. Ef fylgikvillar koma fram eftir aðgerð, getur það lengt dvöl á spítalanum.

Símanúmer

Kviðarhol- og þvagfæraskurðeild 13EG 543 7360

Göngudeild þvagfæra 11A 543 7100

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
SKURÐLÆKNINGASVIÐ
SEPTEMBER 2017
LSH-693

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR ÞVAGFÆRASKURÐLÆKNINGA
OG DEILDARSTJÓRI 13EG

HÖNNUN:
SAMSKIPTAÐEILD